

Alþingi
Erindi nr. P 127/1883
komudagur 12.4.2002

Nefndasvið Alþingis
B.t. Hildar Njarðvík, nefndarritara
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 12. apríl 2002

Varðar: **Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 8/1996, um löggildingu nokkurra starfsheita sérfræðinga í tækni- og hönnunargreinum, með síðari breytingum:**

Arkitektafélag Íslands hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 8/1996, um löggildingu nokkurra starfsheita sérfræðinga í tækni- og hönnunargreinum, með síðari breytingum. Laganefnd AÍ hefur kynnt sér frumvarpið og fjallað um það í samráði við stjórn félagsins. Hér með fylgir umsögn laganefndar Arkitektafélags Íslands.

Virðingarfyllst,

f.h. Arkitektafélags Íslands.

Guðrún Guðmundsdóttir framkvæmdastjóri

LAGANEFND ARKÍTEKTAFÉLAGS ÍSLANDS

Reykjavík, 11.04. 2002


Til stjórnar AÍ

Laganefnd AÍ hefur fengið til umsagnar frumvarp um breytingu á lögum nr. 8/1996 um löggildingu starfsheita.

Eins og fram kemur í athugasemdum við lagafrumvarpið er það til komið vegna upptöku á tilskipun 2001/19/EB. Í athugasemdunum er ennfremur greint frá breytingum frá fyrri tilskipunum, s.s um skyldu stjórnvalds til rökstuðnings fyrir synjun á starfsleyfi og um rétt umsækjanda til að leita til dómstóla vegna synjunar, svo og um afgreiðslutíma slíkra umsókna.

Nefndin sér ekki ástæðu til athugasemda við ofangreindar hugmyndir, enda um að ræða sjálfsagt réttlætismál. Hún vill þó benda á að tilskipun 2001/19/EB, sem samkvæmt frumvarpi þessu verður undirstaða nýrra laga um löggildingu starfsheita á Islandi, virðist ekki vera til í íslenskri útgáfu né verið birt, og því ógerlegt að taka ábyrga afstöðu til frumvarpsins í heild að svo komnu.

f.h. laganefndar,



Hrafnkell Thorlacius, formaður.

Alþingi
Erindi nr. P 127/184,
komudagur 11.4.2002

Iðnaðarnefnd Alþingis
Alþingishúsinu við Austurvöll
150 Reykjavík


FÉLAG HÚSGAGNA

Reykjavík, 10.04.02

EFNI: frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 8/1996.

Félag húsgagna- og innanhússarkitekta fær ekki betur séð en hér sú um eðlilegar breytingar að ræða og lýsir því yfir stuðningi sínum. Jafnframt þakkar FHI iðnaðarnefnd fyrir að leita eftir álitum félagsins.

Virðingarfyllst



Hallur Kristvinsson
Formaður FHI

OG INNANHÚSSARKITEKTA

Alþingi
Erindi nr. P 127/1634
komudagur 4.4.2002

Stykkishólmi 2.4.2002

Iðnaðarnefnd Alþingis
Hr. Hjálmar Árnason . formaður
Austurstræti 8-10
101 Reykjavík

- Efni varðar :**
- 1) Frumvarp Iðnaðarráðherra, þingskjal 1036, mál nr.641 vegna breytinga á starfsheitalögum nr.8, 1996.
 - 2) Beiðni um breytingartillögu. Að bæta inn nýju starfsheiti, "Raffræðingur".

Með bréfi þessu vill ég undirritaður óska eftir að Iðnaðarnefnd geri breytingartillögu á frumvarpi til laga nr.8, 1996 sem er nú til þriðju umræðu þannig að nýtt starfsheiti "Raffræðingur" bætist við starfsheitaupptalninguna

Samkvæmt 7.grein laganna yrði gefin út ný reglugerð um starfsheitið Raffræðingur, staðfest af Iðnaðarráðherra.

Umsókn um þetta mál barst Iðnaðarráðherra 15.júní 2001 og hefur verið til umfjöllunar hjá Jóni Ögmundi Þormóðssyni.


Ástæða fyrir beiðni þessari er ábending frá Jóni Ögmundi þannig væri hægt að ljúka málinu á þessu þingi enda orðið löngu tímabært.

Þetta er að okkar mati er þetta mikið réttlætismál (Sjá áðursend gögn til Jóns Ögmundar 15.júní 2001) því hér er um að ræða staðfestingu á þeim réttindum sem rafvirkjar hafa aflað sér með meistaranámi sínu sem veitir rétt til A- eða B-löggildingar en breytir engu gagnvart núgildandi reglugerðum löggildingarstofu eða kröfum hennar til starfsleyfis rafverktaka.

Þetta mál er nú þegar búið að fara í umsögn hjá hlutaðeigandi aðilum og tími umsagnar er lokið. Málið hefur dregist óþarflega lengi og lítið komið útúr því til þessa og engin fagleg rök hafa komið upp sem mæla gegn beiðni okkar.

Því vill ég með bréfi þessu þrýsta á að málið verði afgreitt við þessar lagabreytingar því ekkert ætti að vera því til fyrirstöðu.

Virðingarfyllst


S.Stefán Ólafsson

1.4.7 A-löggilding til rafvirkjunarstarfa.

Sá sem vill öðlast A-löggilding, sem er löggilding til rafvirkjunarstarfa við háspennuvirki, verður að:

- (1) hafa lokið fullnaðarprófi frá rafmagnsdeild viðurkennds verkfræðiháskóla (sterkstraumssviði) og hafa að auki tveggja ára reynslu við störf sem lúta að hönnun og/eða setningu háspennuvirkja, eða
- (2) hafa lokið fullnaðarprófi frá rafmagnsdeild viðurkennds tæknifræðiháskóla (sterkstraumssviði) og hafa að auki tveggja ára reynslu við störf sem lúta að hönnun og/eða setningu háspennuvirkja, eða
- (3) hafa sveinsbréf í rafvirkjun og hafa lokið prófi í rafmagnsiðnifræði (sterkstraumssviði) frá Tækniskóla Íslands eða öðrum viðurkenndum skóla og hafa að auki tveggja ára reynslu að loknu sveinsprófi við störf sem lúta að hönnun og/eða setningu háspennuvirkja, eða
- (4) hafa sveinsbréf í rafvirkjun og hafa lokið prófi í meistaranámi rafíðna (sterkstraumssviði) frá viðurkenndum skóla og hafa að auki tveggja ára reynslu að loknu sveinsprófi við störf sem lúta að hönnun og/eða setningu háspennuvirkja.

1.4.8 B-löggilding til rafvirkjunarstarfa.

Sá sem vill öðlast B-löggilding, sem er löggilding til rafvirkjunarstarfa við lágspennuvirki, verður að:

- (1) hafa lokið fullnaðarprófi frá rafmagnsdeild viðurkennds verkfræðiháskóla (sterkstraumssviði) og hafa að auki tveggja ára reynslu við störf sem lúta að hönnun og/eða setningu lágspennuvirkja, eða
- (2) hafa lokið fullnaðarprófi frá rafmagnsdeild viðurkennds tæknifræðiháskóla (sterkstraumssviði) og hafa að auki tveggja ára reynslu við störf sem lúta að hönnun og/eða setningu lágspennuvirkja, eða
- (3) hafa sveinsbréf í rafvirkjun og hafa lokið prófi í rafmagnsiðnifræði (sterkstraumssviði) frá Tækniskóla Íslands eða öðrum viðurkenndum skóla og hafa að auki tveggja ára reynslu að loknu sveinsprófi við störf sem lúta að hönnun og/eða setningu lágspennuvirkja, eða
- (4) hafa sveinsbréf í rafvirkjun og hafa lokið prófi í meistaranámi rafíðna (sterkstraumssviði) frá viðurkenndum skóla og hafa að auki tveggja ára reynslu að loknu sveinsprófi við störf sem lúta að hönnun og/eða setningu lágspennuvirkja.